

3. fundur.

Þann 23. september, 1976, hélt skólanefndin sinn þriðja fund í húsnæði skólans. Hófst hann klukkan 17³⁰. Mættir voru allir fulltrúar aðrir en Eggert Ólafsson. Skólameistari og yfirkennari sátu fundinn.

1. Húsnæði til verknámskennslu: Ákveðið var að hætta við að leigja húsnæðið að Hafnargötu 32, en taka í þess stað á leigu um 300 m² jarðhæð hjá Dráttarbraut Njarðvíkur. Ástæðurnar fyrir þessari breytingu eru: 1. Nauðsyhlegt hefði verið að kaupa dýran spennubreyti í húsnæðið að Hafnargötu 32.

2. Þar heðði orðið að setja upp milliveggi.

3. Ónæði hefðu orðið þar af vélagangi.

Formanni var falið að semja við eiganda húsnæðisins við Hafnargötu um allt að 1¹/₂ mánaðar leigugreiðslu vegna þessarar breytingar. Gengið verður frá samningi við Dráttarbrautina á næstu dögum.

2. Laun ritara skólans: Samþykkt var að laun ritara skólans verði skv. launaflokkki B.11 í launakerfi B.S.R.B. Einnig var samþykkt að bjóða ritaranum að annast bókhald og innheimtu fyrir skólann. Fáist hann ekki til þess að taka það að sér, var samþykkt að leita til bókhaldsskrifstofu Jóns Ásgeirssonar.

3. Húsvörður: Ákveðið var að ráða Júlíus Óskarsson, fyrrum húsvörð Iðnskólans, sem húsvörð Fjölbrautaskólans.

4. Námsgjöld: Samþykkt voru eftirfarandi námsgjöld fyrir "öldunga-deild" skólans:

Fyrir eina grein kr. 4000,

fyrir tvær greinar kr. 6000,

fyrir þrjár greinar kr. 8000,

fyrir fjórar greinar eða fleiri kr. 10.000.

Vilyrði mun vera fengið fyrir því, að ríkið greiði kennslu að fullu miðað við meðalhóp, sem er 25 nemendur.

5. Pappírsgjald: Rætt var um hvort setja skyldi pappírsgjald á nem..
Var ákvörðun um það frestað.

6. Tækjakaup: Starfandi hafa verið innan kennaraliðs skólans tvær tækjakaupanefndir. Nú þegar hefur verið keypt nokkuð af tækjum til verknámskennslu. Einnig hafa skólanum verið gefnar vélar og tæki.

Tækjakaupanefnd bóknáms lagði fram lista yfir nauðsynlegan tækjabúnað, svo og verðskrá. Varð það samróma álit skólanefndar, að lágmarkstækjakostur fengist fyrir kr. 1.500.000,00. Var því samþykkt að heimila tækjakaup fyrir þá upphæð.

7. Vélstjórabraut: Fram kom að aðeins sjö nemendur af fimmtán, sem sóttu um að stunda nám á vélstjórabraut, hafa ennþá mætt til leiks.

Skólameistari kvaðst vilja vekja athygli nefndarinnar á þessu, því sú hætta væri fyrir hendi, að ráðuneytið krefjist þess að brautin verði lögð niður nema sveitarfélögin taki þátt í kennslukostnaði sk. samningi rekstraræðila skólans.

Skólanefndin vill benda á í þessu sambandi, að enginn aukakostnaður er samfara deild þessari, varðandi tæki eða húsnæði.

8. Gjafabréf: Skólanum hefur borist gjafabréf frá Járniðnaðar- og pípulagningaverktökum Keflavíkur h/f. Er bréfið dagsett 23. sept. 1976 og undirritað af Ingvari Jóhannssyni. Gjöfin er 5 kw bensínrafstöð, ætluð til kennslu við verknámsbrautir skólans.

Formaður skólanefndar og skólameistari þökkðu þessa höfðinglegu gjöf.

Fleira var ekki á dagskrá fundarins og var fundi slitið um klukkan 19³⁰.

Fundarritari.

Hreinn Ásgrímsson.